

## LÖG

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt,  
með síðari breytingum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 1/1988, bætist nýr töluliður er verði 23. tölul. og orðist svo: Ábyrgðartryggingum ökutækja í eigu öryrkja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. maí 1988.***Borsteinn Pálsson.****Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**  
(L. S.)**Magnús Thoroddsen.**

---

*Jón Baldvin Hannibalsson.*

Nr. 67

20. maí 1988

## LÖG

## um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Suður-Afríku eða Namibíu.

Óheimilt er að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera við gerð samningsins að endanlegur áfangastaður varanna er Suður-Afríka eða Namibía.

2. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. ef mannúðarástæður mæla með því.